


FÉLAGSBLAD NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



Zeushofið í Olympíu.

Sigur Grikkja yfir óvættum.
Apollón fyrir miðju.

"Guðstjórn var hjá Grikkjum. Því ekki er of sagt að þeir hafi í rauninni verið undir stjórn guðs þess, sem þeir nefndu Apollón. Vjefrjettin í Delfoi var fræg viða um lönd. Leituðu menn þar ráða guðsins, en hann svaraði fyrir munn hofgyðjunnar, Pyþíu. Er nú ljóst í aðalatriðum hvernig þessu hefur verið farið....."

Hið mikla samband,

XXXII, 7.

E F N I S Y F I R L I T

Bls.

Stefnumark Nýalssinna	
Bjarni Bjarnason, Brekkubæ,	3
Stuðningur við íslenzka hugsun,	
P. J.	4
Draumur,	
Ingvar Agnarsson	7
"Undrið mesta" og náttúrufræðilegur skilningur,	
Sveinn Haraldsson	8
Miðill í 40 ár,	
P. J.	10
Enn um gildi stuðlanna,	
P. J.	10
Fundið í rusli,	
P. J.	11
Haukur og Hauch,	
P. J.	11
Endurtekning drauma,	
Þorsteinn Jónsson	12
Heimur ljótleikans,	
Haukur Sigtryggsson	13
Draumur,	
P. G.	14
Eftirmæli,	
P. J.	14
Ný miðun,	
Þorsteinn Guðjónsson	16

STEFNUMARK NÝALSSINNA

(Nokkur brot úr hugleiðingum).

VI.

Það er allt annað en auðvelt viðfangsefni að veita kenningum Nýals brautargengi. Og þá sérstaklega á þessum viðsjárverðu háskatínum, sem nú ganga yfir jörð voru. Háleitar hugsjónir virðast nú vera að vettugi virtar. Í byrjun þessarar aldar mun andlegur gróandi hafa verið meiri. Ekki bætir það úr skák, þegar þeir sem finna hjá sér köllun til að styðja háleit sjónarmið til umbóta, eru ekki meðal þeirra sem völd hafa og metorð við að styðjast. Það skal tekið fram að þeir sem að umræddum málum standa, hyggja ekki til neins valdabrérlts og yfirráða. Takmark þeirra er að styðja útbreiðslu nýrrar árifandi þekkingar á tilverunni sem fundin hefir verið, og meðal margs annars myndi hafa í för með sér bætt hugarfar, er vísaði til öruggs vegar að farsælla og fegurra mannlífi.

Ég minnist nú í þessu sambandi á viðræður, er ég fyrir nokkrum árum átti við merkan kennara um þessi mál. Hann samþykkti fyllilega að ef kenningar Nýals hlytu viðurkenningu, myndi það hafa í för með sér breytt lífsviðhorf til bóta og valda aldahvörfum í því efni. Svona undirtektir eru of fágætar, því þeir munu margir vera, sem einhverja vitneskju hafa um boðskap Nýals, álita að þar sé um staðlausa hugaróra að ræða, er ekki sé mark á takandi. Ýmsir sem betur hafa lesið, munu þó fallast á að kenningar þessar séu ekki ósenilegar, en það vanti að sanna þær. En svo er ekki. Höfundur þeirra lagði trausta undirstöðu og sannanir að þeim, sem margoft eru greind í ritum hans og um framhaldið, til viðbótar hér í Félagsblaðinu. Það sem í rauninni vantar er áhugi manna á að íhuga og rannsaka þessi efni. En það geta allir í sumum árifandi greinum með því að athuga vel hvað þá dreymir og áhrif umhverfisins í vöku. Erlendir vísindamenn hafa að nokkru rannsakað líkamlegt ástand hins sofandi manns. Benda þær rannsóknir til þess að í svefni fari fram aðstreymi orku sem endurnærir líkemann, eins og dr. Helgi Pjeturss fullyrði að gerðist þegar menn sofa. Ekki er mér kunnugt, að greindar rannsóknarstofnanir hafi tekið draumanum til athugunar. Parf þess þó vissulega, svo að komist verði úr þeirri blindu, sem valdið hefir, frá örðfi alda, margháttuðum fjarstæðukenndum skoðunum á eðli drauma.

Á vegum Nýalssinna hafa nú verið hafnar sambandstilraunir. Þetta var sem kunnugt er eitt af höfuðmarkmiði félagsstarfseminnar í upphafi, en sem gat ekki komist til framkvæmda fyrr vegna skorts á miðlum og annari aðstöðu. Mun öll starfsemi félagsins verða auðveldari, þegar hús það, sem nú er í byggingu - stjörnusambandsstöðin - verður fullgerð. Þetta er fyrsta hús með því nafni, sem reist hefir verið hér á jörðu. Má vænta nokkurs mikilsvarðandi árangurs, þegar starfsemin þar verður komin í fullan gang.

Ég fékk í fyrra sumar aðstöðu til að vera á tveimur fundum greindra tilrauna. Fundirnir tókust vel. Var þarna um greinilegt fjarsamband að ræða við vitsmunaverur, sem höfðu mikinn áhuga á að veita okkur fræðslu um efni sem mestu varðar að vita. Í augum uppi liggar að miðillinn er móttökutæki, sem veita verður nauðsynleg skilyrði til að það sem sent er komist rétt í gegn. Meðal annars má þar nefna, að þeir sem sambandsfundina sitja, verða að hafa réttar undirstöðu hugmyndir á eðli sambandsins. - Er hér um að ræða merka byrjun í starfsemi félagsins, sem mun leiða í ljós meiri sannanir fyrir kenningum Nýals. Hámark nefndra tilrauna mun fyrr eða síðar nást, með því að íbúum annarra hnatta gefist færi á að líkamast hér, um stundarsakir. Væri þar með fengin óvífengjanleg sönnun fyrir sambandi lífsins við stjörnurnar og framhaldi lífsins þar. Þó má ef til vill gera ráð fyrir, að einhverjum myndi í byrjun verða líkt farið og segir í fornri og kunnri dæmisögu " að menn muni þó eigi trúá, þó einhver framliðinn rísi upp ". En þó svo yrði, þá myndi við endurtekningu slíkra stórvíðburða, brátt verða á enda tími rangra hugmynda og tregðu á að viðurkenna ný sannindi. Nýtt tímabil væri þá raunverulega hafið í sögu mannkynsins. Hinn mikli dagur runninn upp.

30. okt. 1968.
Bjarni Bjarnason,
Brekkubæ.

STUÐNINGUR VIÐ ÍSLENZKA HUGSUN.

Að handan heitir bók skrifuð ósjálfrátt af enskri konu, Grace Rosher að nafni, og komið hefir nú út í íslenzkri þýðingu eftir Svein prest Viking. En þó að bók þessi hafi að sjálfsögðu ekki verið gefin út í þeim tilgangi að styðja þá íslenzku hugsun. að

það sem þúsundir miljóna hafa haldið verá líf í andaheimi eða goðheimi, sé lífið á öðrum hnöttum, þá er í henni margt, sem verða mætti til stuðnings einmitt þeirri hugsun.

Tildög þessarar bókar voru þau, að láttinn unnstu hinnar ensku konu, Gordon Burdich, fer fyrir nálægt 10 árum óvænt og fyrirvaralaust að stjórna hönd hennar til þess að skrifa, og er það álitleg sönnun um, að þar hafi einmitt hann verið að verki, að rithöndin á þessari ósjálfráðu skrift er engin önnur en hans. Var slíkt rannsakað með samanburði af rithandasérfræðingi, svo að þar getur naumast verið um að villast. Og það, að hann fór að leitast við að koma þannig fram hugsunum sínum, var, auk löngunarinnar til þess að komast í samband við unnstu sína, vilji til að bera fram boðskap um nokkuð, sem verða mætti mannkyninu til bjargar. "Ég er sannfærður um það, að hinir síðustu dagar eru ekki langt undan, ef styrmaldaundirbúningnum verður ekki aflétt," segir hann á bls. 29, en til þess, að slíkt megi verða, segir hann einnig, að ekki dugi minna en að ný og óvænt sannindi komi til sögunnar. En það, sem ég fyrst vildi nefna til stuðnings hinni íslenzku hugsun, sem að var vikið og ég tel einmitt vera þessi óvæntu sannindi, er þetta, sem að vísu er engin nýung í framlífslysingum, að allt sé hjá þeim raunverulegt eins og á jörðinni. Kemur þarna jafnvel fram í því sambandi, að eitt mesta vandamál framlífsins sé það, hve þetta komi jafnan framlifendum á óvart í fyrstu vegna hinna röngu hugmynda flestra um það, sem við tekur. Eða nákvæmar sagt, það virðist samkvæmt þessu vera einmitt hinn spíritiski skilningur, sem gerir framlifendum einna erfiðast fyrir til að átta sig, því að vitanlega er það hann, sem mest er hér ríkjandi varðandi lífið eftir dauðann. Og ennfremur verður naumast annað hægt en að álykta nokkuð hið sama af hinum margsagða boðskap þarna um nýja uppgötvun varðandi sambandið á milli heimanna, því að vitanlega væri slíkrar uppgötvunar ekki þörf, ef spíritisminn nægði, og skal nú víkja að fleiru, sem þarna bendir í sömu átt.

Á bls. 119 segir á þessa leið :

"Sá tími er nú að renna upp, að hin mikla staðreynd lífsins handan við dauðann verður vísindalega sönnuð. Það er ekki lengra síðan en ein öld, að þeir sem fóru rannsóknarferðir til fjarlægra og afskekkttra landa, gátu ekkert samband haft við heimaland sitt. Nú hafa fjarskiptatakin rofið þá einangrun. Og hvers vegna ætti þá ekki að vera unnt að ná sambandi við okkar veröld?"

A bls. 125 er á þessa leið svarað spurningunni um það, hvernig hið ósýnilega geti orðið sýnilegt:

"Þú veizt, að nú sjáum við á sjónvarpsskerminum staði, sem langt eru handan við sjóndeildarhring okkar. Við horfum á atuburði, sem þá eru þar að gerast. Þetta ætti að gera þér auðvelt að skilja, hvernig þið kunnið að fá að skyggnast inn í hinn ósýnilega heim."

A bls. 127 segist miðillinn hafa verið láttinn skrifa á þessa leið eftir að hafa hlustað á útvarpserindi um stjörnuvínsindi :

"Nú ættir þú að geta skilið, hvernig það gæti gerzt, sem ég hefi verið að segja þér frá. Allt bendir til þess, að stórkostlegar uppgötvanir séu í vændum. Vísindin leggja nú allan hug á að kanna himingeiminn og komast að raun um, hvað muni búa langt handan þess, sem mannleg augu sjá. Sú staðreynnd, að rödd manns getur borizt alla leið til tunglsins og endurvarpast þaðan aftur, sýnir, að hljóðið kemst þær leiðir, sem því eru ófærar undir venjulegum kringumstæðum. Því er það engin fjarstæða, að með aðstoð vísindanna takist mönnum að skynja þá veröld, sem við byggjum og sem ykkar jörð er tengd, þótt á æðra sviði sé. Ég er sannfærður um, að þetta muni takast innan skamms, og að það muni verða til þess að bjarga ykkar jörð frá miklum voða."

A einum stað í bök þessari er svefnhvíldinni líkt við hleðslu rafgeymis, og þótti mér eftirtektarvert, að ég mun hafa gert alveg hið sama í einhverri ritsmíð um sama leyti og þetta hafði skrifast. Er með þessari líkingu farið hið næsta einni af meginundirstöðum þeirrar íslenzku hugsunar, sem hér er um að ræða. Meginundirstaðan þar var að skilja, að aðalorsök drauma er skynjanalaflutningur til sofandans frá einhverjum vakanda, og að svefnhvíldin veitist um leið fyrir hleðslu frá utanaðkomandi krafti. Og eins og hver ætti að geta séð, þá er hér í hinum tilfærðu köflum eins og reyndar viðar í bókinni verið að leitast við að koma því fram, að um fjarsambönd sé aðeins að ræða milli lifenda og látinna, og vettvangur alls lífs, látinna jafnt sem lifenda, sé enginn annar en hinn protlausí stjörnuheimur. Í rauninni er barna nærri beinlínis sagt, að veröld sú, sem þeir byggja hinir framlíðnu menn, sé stjörnur ósýnilegar frá þessari jörð eins og vitanlega er, ef um væri að ræða fylgihnötti annara sólna. Er slikt sem þetta varðandi svikaleysi miðilsins engu minni sönnun en rithandarsamanburðurinn, því að ekki er um það að villast, að skilningur miðilsins og hugmyndir hafa verið mjög á annan veg. Og hvort skyldi nú ekki þessi mikla

uppgötvun, sem talað er þarna um, geta verið sú, að í svefni fái maður jafnan þátt í lífi og skynjunum þeirra, sem þessar aðrar og ósjáanlegu jarðir byggja og oft gætu því verið framliðnir héðan af jörðu. Ég sé ekki betur en að það kæmi mjög vel heim við það, sem sérstaklega virðist vera verið að boða í umræddri bók.

P. J.

DRAUMUR.

Mér þótti mér og konu minni vera boðið inn í skrautlegt herbergi í ókunnu húsi. Var herbergið allt nokkuð bláleitt, einkum gólfíð sem var spegilgljáandi. Í öðrum enda herbergisins var skál, grópuð í gólfíð. Var hún mjög skrautleg. Í henni var vatn og á botninum einskonar grugg sem glitraði í öllum regnbogans litum. Umhverfis skálina stóðu í ferhyrning fjórir fuglar og snoru höfðum saman. Voru tveir og tveir sömu tegundar, og stóðu andspænis hver öðrum. Tveir þeirra voru álíka stórir og andir, en þó með annarri líkamsbyggingu. Peir voru mjög litfagrir, og skiftist á blár, rauður og enn fleiri litir. Hálsinn var nokkuð langur og liðaðist mjög fagurlega. Sitthvoru megin vil skálina á hinum veginn voru tveir litlir fuglar með gulgráum lit að mestu, þó blönduðust fleiri litir saman við, og voru einnig þessir fuglar mjög fagrir á að sjá. Peir voru stuttir og nokkuð klumpslegir og tók ég sérstaklega eftir því hvað fremri rönd vængjanna var þykk upp við búkinn, eða á að giska um einn þumlungur á þykkt, en lengd alls fuglsins vart meiri en svo sem fjórir þumlungar.

Það vakti nokkra undrun mína hvernig að fuglunum var búið. Yfir hverjum þeirra var nokkurskonar gálgi eða sperrur, og var öðrum væng fuglsins fest þar upp, svo að hann stóð að nokkru útbreiddur, og varð fuglinn að standa mjög skakkur. Nú fór einn fuglinn að hreyfa sig, og varð hreyfingin þannig, að hann rólaði fram og aftur nokkra stund, þóttist ég skilja að þessi umbúnaður væri hafður, til þess að fólk gæti haft ánægju af, að sjá þá róla sér, stærri fuglarnir voru hlekkjaðir við gólfíð með smáfestum um báða fætur, en minni fuglarnir voru hlekkjaðir á öðrum fætinum.

Í stól, upp við vegginn, rétt hjá fuglunum, sat stúlka, fremur smávaxin. Var hún ungleg, en þó ekkert barn. Var hún grannleit, með fagurt andlit, litarhátturinn nokkuð brúnleitur. Hún hafði svart, sítt hárr. Klæði hennar voru mjög skrautleg, svo að þau glitruðu sumstaðar. Ég virti stúlkuna lengi fyrir mér. Fannst

mér hún heillandi fögur. En svo tók ég eftir því, að einhver hrygð eða vanlífðan lýsti sér í augum hennar og svip. Datt mér þá allt í einu í hug, að hún mundi vera hér einskonar fangi, eins og fuglarnir, einungis til augnagamans fyrir eigendur hússins og gesti þeirra. Ég fékk ósegjanlega mikla samúð með þessari vesalings stúlkum og ég beygði mig niður að henni og ætlaði að spryra hana, hvort þessu væri svo varið í raun og veru. Þá gaf konan míni mér merki um, að líta upp á vegginn og er ég leit upp, sá ég two litla speglum, sem hengju þar uppi yfir stúlkunni. Þóttist ég þá skilja, að þessir speglar væru til þess ætlaðir, að geta séð allar hreyfingar okkar, þótt sá sem fylgdist með athöfnum okkar, stæði fyrir utan herbergið, sem við vorum í. Þóttist ég vita, að ég hefði hér stofnað mér í mikla hættu, með því að ætla að komast eftir högum stúlkunnar. Ég fylltist mikilli skelfingu, því ég þóttist vita, að ég slyppi nú ekki héðan án harðrar refsingar. Við þetta vaknaði ég.

Ég skrifaði þennan draum upp strax, svo að frásögn af honum mun vera eins rétt og unnt er.

Frænka míni ein, komin á efri ár, gisti hjá okkur hjónum, þá nótt, sem mig dreymdi þennan draum, (26. apríl 1942). Hún var gáfuð kona og viðlesin, hafði kynnt sér Nýal og mat mikils kenningar dr. Helga Pjeturss.

Þessi draumur er einn af skýrustu draumum, sem mig hefur dreymt, og hygg ég að skýrleika draumsins megi rekja til stilliáhrifa frá þessari frænku minni, því hún hafði mjög skýra og skarpa hugsun. En ekki hefur draumsambandið verið við góðan stað, og kunna einnig stilliáhrif að hafa valdið þar einhverju, því um þessar mundir átti þessi frænka míni í nokkrum erfiðleikum, vegna fólks sem hún þá var hjá um tíma.

Ingvar Agnarsson.

"UNDRIÐ MESTA" og náttúrufræðilegur skilningur.

Frá því er sagt í bókinni "Undrið mesta" bls. 53, að húsa-meistari nokkur sem var góður kunningi Conan Doyle's, hafi getað teiknað með furðu mikilli nákvæmni hverja þá mynd sem Doyle krotaði á blað, enda þótt hann sæti alllangt að baki Doyle og gæti engan veginn séð á venjulegan hátt, hvað hann var að gera. Þessar tilraunir heppnuðust einnig, þótt þeir væru í margra kilómetra fjarlægð hvor frá öðrum. "Voru

þetta fjarhrif?" er síðan spurt þarna í bókinni, og er sennilega átt við hugsanaflutning. En hér nægir þó ekki að tala að eins um hugsanaflutning þessu til skýringar. Til þess að geta með nákvæmni teiknað myndina, sem Conan Doyle var að krota, hefur húsameistarinn þurft eins og að sjá hana og þá að öllum líkindum einmitt með augum Conana Doyles sjálfs, hafi hann einn haft myndina fyrir augum. Hér virðist því vera um að ræða mjög gott dæmi slíks sjónarsambands eins við annan, sem Helgi Pjeturss hélt fram að draumsýnirnar væru af sprottnar. Gegnir í rauninni furðu mikilli, að dæmi eins og þetta og önnur slík skuli ekki hafa opnað augu manna fyrir því, að skynjanaflutningur eigi sér stað manna á milli engu síður en hugsanasamband. Og þar sem dæmin þannig sanna, að vakandi maður getur fengið þátt í sjónskynjun annars vakandi manns, þá ætti slíkur skynjanaflutningur engu síður að geta tekizt frá vakandi manni til sofandi og orðið honum að draumi.

Svo óvænt sem þessi niðurstaða Helga Pjeturss var um eðli draumsýnanna, mun þó mörgum koma hitt meir á óvart, sem hann einnig hélt fram, að menn sæju þannig í draumi iðulega með augum íbúa annarra stjarna. En séu menn ófúsir að taku undir með því sem svo djarflega er hugsað, þá ættu menn að minnast orðanna : "Hið stórfellasta er jafnan hið sannasta", sem réttilega hafa sögð verið. Fjarlægðirnar eru að vísu miklar sólhverfanna og vetrarbrautanna á milli, en fyrir lífgeyslanum eru þó þessar fjarlægðir svo sem ekki neitt, svo miklu meiri er hraði hans en hraði ljósgeislans. Þá vegalengd, sem ljósgeislinn kemst ekki nema á milljónum ára, fer lífgeislinn á skemmri tíma en augabragði. Það sem manni ber í drauma fyrir samband út fyrir jörðina er samtímaskynjun draumgjafa á öðrum hnetti. Benda má í þessu sambandi á það, sem fram kom í útvarpserindi hér nýlega, að tilraunir með hugsanaflutning, sem þar var minnzt á og gerðar voru erlendis, tókust betur, ef langt var á milli sendanda og viðtakanda. Og fjarhrif hafa átt sér stað um mestu fjarlægðir hér á jörðu. Rússneskar tilraunir, sem skýrt hefur verið frá hér í blöðum, hafa enda leitt í ljóst, að hugsanaflutningur byggist ekki á rafbylgjum heilans. Gera verður því ráð fyrir nýrri orkutegund til skýringar á hugsanaflutningi og öðrum slíkum fyrirbærum. Lífgeisan nefndi Helgi Pjeturss þessa orku, og án þess að hið gagnstæða hafi verið sannað er ekki hægt að bera á móti því, að hún sé mjög miklu hraðgeislaðri en ljósið.

Sveinn Haraldsson.

MIÐILL Í 40 ÁR

Miðill í 40 ár heitir bók, sem ég las í veturnar, og merkti ég þar við á tveimur stöðum. Á öðrum staðnum var haft eftir framliðinni stúlkuna, sem í frumlífi sínu hafði verið mjög hárprúð, að hún enn væri með þykkar fléttur, og þótti mér það skemmtileg frétt. Á hinum staðnum var sagt frá manni, einnig framliðnum, sem í frumlífi sínu hafði kynnt sér heimspeki þeirra Schopenhauers og Nietzsches og hrifist af. Nú sagði hann, að í rauninni væri sú heimspeki varla annað en vitleysa, og er það að sjálfsögðu ofmælt. En þegar heimspeki sú, sem menn til þessa hafa haft, er borin saman við "heimspeki framlífsins", eins og komist var þarna á orði og vitanlega er einungis hið sama og sambandsskilningur stjörnulíffræðinnar, þá var ekki nema eðlilegt að komist væri þarna svona að orði. Sá skilningur, sem þar er um að ræða, er í rauninni hinn fyrsti heimspekiárangur, sem komið hefir fram á þessari jörð, og sýnir það bezt rangstefnu hins ríkjandi hugsunarvalds, að einmitt þeirrar heimspeki skuli nú síður vera getið en nokkurrar annarar.

P.J.

ENN UM GILDI STUDLANNA.

Eins og ég vík að í grein minni Stuðlar og rím, þá má með hvortveggja, og þó einkum stuðlunum þyngja áherzlu aðalatriða, og skal hér í því sambandi athuga síðasta erindið í Fákum Einars Benediktssonar. Kemur þar sumstaðar þetta ágæti stuðla og höfuðstafa vel í ljós.

Hýstu aldrei þinn harm, það er bezt.

Parna eru það aðalatriði og aðalorð, sem stuðlarnir falla á, og gera hugsunina öflugri en ella.

Það finnst ekki mein, sem ei breytist né bætist,
ei böl, sem ei þaggast, ei lund, sem ei kætist,
við fjörgammsins stoltu og sterku tök.

Lát hann stökkva, svo draumar þíns hjarta rætist.

Hér er það einkum eitt orð, sem stefnt er til að efla. Tveir stuðlar næst síðasta vísuorðins ásamt hinum tveimur forskeytum hins síðasta eru þarna eins og stígandi inngangur að lokamarki, eins og tilhlaup að miklu stökki.

P.J.

FUNDIÐ Í RUSLI.

Þó að ég sjái jafnan blaðið " Vikuna ", þá les ég venjulega ekki mikið í því. Þó kemur fyrir, að ég les þar eitthvað í " póstínum ", og stökusinnum lít ég á draumana, sem fólk er að leita eftir ráðningum á, og oftast eru nærri því eins ómerkilegir og ráðningarnar, sem fást. Í blaði 23. jan. sl. rakst ég þó á frásögu af draumi, sem ekki er allskostar ómerkileg. Stúlka, sem nefnir sig Dísu, segir þar frá því, að sig hafi dreymt, að hún sér til mikillar skelfingar hafi séð það í spegli, að hár hennar, sem hún segir vera dökkbrúnt, hafi verið orðið mjög grátt eða nálega hvílt. " Dökku hárin voru orðin svo fá, að ég hefði getað talið þau ", segir hún. " Uppi á höfðinu og haegri vangann skoðaði ég, eins og ég væri að leita lúsa. Mér fannst andartak eins og ég væri að skoða karlmannsvanga, segir hún að lokum, og þarf víst ekki að taka hér fram, um hvað þar muni hafa verið að ræða. Hins vil ég aftur á móti geta, að draumur þessi minnir á draum annrar stúlku, sem sagði hann jafnfjarri skilningi á því og Dísu þessi í " Vikunni ". Hafði stúlka þessi gist hjá mér nótt, og spurði ég hana um morguninn, hvernig hana hafði dreymt. " Mig dreymdi vel ", sagði hún. " Mig dreymdi, að ég sæi mig í spegli og að hárið á mér væri allsekkert grátt ". En raunverulega var þessi stúlka orðin allmikið gráhærð.

HAUKUR OG HAUCH.

P.J.

Eitt af því, sem varðandi hugsanabroska minn gæti verið ástæða til að rifja upp, eru kynni mína á árunum 1919 til 24 við Hauk Eyjólfsson frá Höfsstöðum, og ber að taka það fram, að kynni mína við hann voru ekki eingöngu bundin við þessi ár. Allt frá bernsku vorum við Haukur nágrennar, og þar sem við vorum á líkum aldri, hlutum við að þekkjast frá upphafi. En á þessum árum urðu kynni okkar mest, og stafaði það af sameiginlegum áhuga okkar á ljóðagerð. Vorum við á þessum árum mjög skáldlega þenkjandi og fengumst mikið við að yrkja, og er í því sambandi ef til vill ekki ástæðulaust að minnast þeirrar öldu, sem vikið var að á öðrum stað hér í heftinu og varð til þess að bera upp sum þau skáld, sem frægust urðu hér síðar, og einnig var samtíma því, að Nýall var skrifsaður. Mætti vel hugsa sér, að það hafi verið þessi alda, sem einnig snerti við okkur Hauki, þó að hvarugur, eða a.m.k. ekki ég, kæmumst þar upp á faldinn. En þó að margs gæti verið að minnast frá þessum kynnum, þá ætla ég hér að segja frá aðeins einu.

Því meir sem leið á þennan sameiginlega skáldskapartíma okkar Hauks, því fremur varð það hann, sem hafði orðið, þegar við ræddum saman, en ég að því skapi meira áheyrandinn, og var þó ekki alltaf, að hann læsi eingöngu sín eigin ljóð. Stundum las hann eitt og annað eftir aðra, og var þannig einhverntíma, að hann las eitthvað hinna þýddu ljóða í Svanhvít þeirra Steingríms og Matt-híasar. Var þar á meðal eitthvað eftir danska skáldið J. C. Hauch, sem Haukur hafði þá víst einhverjar mætur á. Sagðist hann alltaf kalla hann Hauk, sem stafað hefir víst af því, að nöfnin líta ekki ólíkt út. Og nú vildi ég spyrja einhvern þann, sem betur er að sér í máli en ég, hvort Haukur geti ekki þarna hafa haft rétt fyrir sér.

- Í grein eftir Guðmund Finn bogason varðandi íslenzku orðin gustur og hugur og svo hin þýzku Hauch og Geist, sem þýða nokkurnvegin hið sama, er bent á það, hversu þar hafi orðið víxlun þannig, að gustur hafi í þýzkunni fengið sömu merkingu og hugur eða andi og svo á hinn veginn, að orðið hugur hafi þar fengið merkinguna gustur eða blær. Og spurningin er nú sú, hvort hinn snarfleygi fugl haukurinn hafi ekki getað fengið nafn sitt af hinum snögga blæ eða vindþyti, og að haukur og Hauch hafi þannig upprunalega hafa verið hið sama. Væri þetta þá líkt og það, hversu heiti asparinnar virðist vera dregið af últiti hennar.

P. J.

ENDURTEKNING DRAUMA.

Einhverntíma kom mér það í hug, að langsögulegir draumar dreymir á skömmum tíma gætu verið að uppruna til einungis upprifjan draumgjafans í einhverjum atburðum úr lífi sínu en ekki skynjanir hans varðandi það, sem var að gerast þá á stundinni. Þykir mér sem það geti verið vel skiljanlegt, að atburðir og upprifjan atburða í vitund draumgjafa greinist stundum ekki að í vitund dreymanda, og verður það þó ennskiljanlegra, þegar þess er gætt, að sérhver draumur, sem vaknað er frá, er þegar orðinn að upprifjan. Í rauninni þarf í vitund draumþega ekki að vera mikill munur á því, sem draumgjafi hans sá, meðan draumurinn fór fram, og hinu, sem hann haffði séð einhvern tíma áður, en það var nú reyndar hitt, að ég gerði mér þetta ljóst af því að greina einmitt þennan mun eitt-hvert sinn, þegar ég vaknaði af draumi. Þetta sem ég þá gerði mér ljóst, var einmitt það, að sumt sem mig hafði verið að dreyma, var upprifjan skynjana en ekki eingöngu það, sem þá á stundinni var að gerast. Og nú var það, að upprann fyrir mér nokkurt ljós þessu til viðbótar.

Í Gráskinnu, I. bindi bls. 177 - 80, er sagt frá draumi, sem endurtók sig nótt eftir nótt. Konu, sem drauminn dreymdi, hafði verið gefið franskt sjal, sem virtist svo fylgja það, að hún þóttist í draumi nótt eftir nótt sjá fram fara morð annari konu, sem klædd var líku sjali. Þóttist hún sjá konu þessa vera stungna með hnífi í hjartastað, og komu síðar í ljós við eftirgreppslan merki um þetta í sjalinu. Og skýringin virðist mér nú vera þessi, að einnig þarna hafi verið um upprifjan að ræða, sem endurtekið hafi sig nótt eftir nótt í vitund hinnar myrtu konu eða þá og ekki síður í vitund morðingjans, og gætu vissulega á sama hátt verið tilorðnir ýmsir aðrir draumar, sem fólk telur sig hafa dreymt upp aftur og aftur. En að sjalið skyldi valda þeirri upprifjan, þykir mér svo eðlilegast að skýra þannig, að draumgjöfum hinnar íslenzku konu hafi borist frá henni einhverjar skynjanir varðandi það, og verður þá að ætla, að næmleiki gagnvart slíkum skynjunum geti verið furðu mikill, þegar um eitthvað er að ræða, sem tengst er sérstaklega sárum og örlagaríkum minningum. En hér er ég nú kominn að því, sem ég á öðrum stað og fyrir nokkuð löngu hefi haldið fram varðandi hlutskyggni og staðbundna reimleika.

Dorsteinn Jónsson.

HEIMUR LJÓTLEIKANS

Nú blasir við sjónum ljótur heimur, heimur afkáraskapar, rangsnúnings og ósættis. Ef til vill er þetta gömul saga, styrjaldir hafa tókast svo lengi sem vitað er um samskipti manna. Meira hefur borið á því illa og ljóta en því góða og bjarta. Það er heldur ekki nýtt að menn tali um að æskufólk sé spilt og fari síversnandi og þess sé sökin og ábyrgðin á heimi ljótaleikans í dag. Ef til vill er þetta rétt, en ef svo er, þá má fólk fyrri alda hafa verið betra en ég get með góðu móti trúað. Hitt er rétt, að í dag ber um of á verri hliðum æskunnar. Stúdentar berjast og fremja jafnvel sjálfsmorð til stuðnings kröfum sínum, réttum eða röngum. Mótmæli gegn hinu og þessu eru í tízku, en oftast fylgja hrein skrifslæti í kjölfarið. Sú tónlist sem mest er dáð ber allan blæ helstefnu. Þær hljómsveitir er sýna mestan frumleik í afkáraskap virðast ná sterku tökum á ungu fólk. Við getum slegið því föstu að æskan sé svona slæm. Ef við lítum nánar á málið má vera að slík sannfæring breytist í efa, einkanlega þegar við lítum á áhrif skemmti- og tízku iðnaðar og fjölmíðlunartækja. Ég held að æskan sé ekki slæm,

en hún er áhrifagjörn og kraftar hennar þurfa að fá útrás. Þetta gerist oft á verri veg. Það má hver maður vita að oft er auðveldara að hlíti slæmu ráði en góðu, það þarf hetju til að skera sig úr hópnum, til að standa einn. Við álösum æskufólki fyrir skort á þessum hetjuskap. En hver er þá okkar hlutur, sem eldri erum? Höfum við þennan hetjuskap sjálf? Eflaust er okkur bezt að viðurkenna strax að við erum sjálf ekki of vel á vegi stödd, þó aldur okkar og reynsla komi í veg fyrir jafn áköf viðbrögð og hjá þeim sem yngri eru. En okkur sem vitum, a. m. k. að nokkru, mun góðs og ills er lögð sú skylda á herðar að hjálpa öðrum til skilnings, að reyna sjálf að vinna heldur það sem gott er, að reyna að vera menn í beztu merkingu þess orðs.

" Fá orð á réttri stundu vinna stór verk ". Þessi orð tel ég mig hafa frá þeim sem er mér langt um fremri að viti og vilja til góðra verka. Ef til vill reynist mér sem öðrum erfitt að finna rétt orð og vita hver er hin rétta stund til máls. Þó má eigi láta ófreistað. Sá sem heyrir og man, er á nokkurn hátt háður minningu, þó áhrif hennar verði e.t.v. engin. Þó kann gamalt orð eða atvik í minni að vekja nýja hugsun, nýtt verk, stundum öfugt við minninguna, stundum rétt og í sama farvegi og hún er. Ætla má að góð minning, góð orð veki góðan hug og góð verk. Því fleiri sem eignast góðan hug, því fleiri njóta. Pannig mun geta orðið breyting á högum margra og heimur ljótleykans smám saman breytast í bjartari og betri heim.

DRAUMUR.

í janúr 1969
Haukur Sigtryggs

Mig dreymdi að ég sæi yfir borgarstæði nokkurt, sem mér virtist vera eins og milli fjalla eða brattra hlíða. En í miðri dældinni reis lítill hnúkur eða hæð, og þóttist ég þar sjá byggingu nokkra ekki óveglega, og var hún held ég eins og í tveim aðalhlutum, nokkurn veginn jafnstórum, og voru báðir með ferstrendingslagi (kassalagi) og nokkrum, en ekki miklum, mun lengdar og breiddar. Sneri annar hlutinn gafla að lengri hlið hins, en ein og sama bygging þótti mér þetta vera. - Einkennilega annarlegur blær þótti mér vera yfir þessari sjón, svo sem af eyddum vonum og mistekinni framsókn eða daufum horfum. Og þó var þessi bygging þarna, og hafði einhverja sérstaka þýðingu. Var þetta stjörnusambandsstöð og var þarna að hefjast ný framsókn? Eða með öðrum orðum: er þarna að hefjast ný framsókn? Óskum þess að svo megi

vera, á þeim stað, hjá þeim sem þar eru! - Mér varð í þessum svefnrofum mikið hugsað, og dálítið glaðlega, til stjörnunnar Vegu, eða blástjörnunnar, en þaðan hafa áður borizt dapurlegar fréttir fyrir miðils munn. En tengslin milli þessara tveggja draumvitneskja voru heldur laus.

P. G.

EFTIRMÆLI

Oft er það, að ég lít í eftirmæli, sem birtast í dagblöðum um látna menn. Og alltaf held ég, að sú spurning vakni þá hjá mér, hvort hinn látni hafi verið líklegur til þess að gera sér ljósa hina nýölsku heimspeki. Þykja mér það jafnan vera líkur til hins neikvæða í því efni, hafi hinn látni hlotið mikið fylgi og traust í sínu umhverfi, verið mikill félagsfrömuður og þáttakandi í opinberum störfum. Er það oft eða oftast, að ég hætti að lesa, þegar farið er að rekja slikt, og skyldi þó vera fjarri mér að vilja vanmeta það ágæti manna, sem þar kemur oft til greina. Og af ástæðu ekki alveg óskyldri þessu er það, að lítið verður úr eftirmæli mínu um þetta 26. hefti félagsblaðsins. Heftið er, eins og sjálfsagt er og nauðsynlegt að sum hefti séu, að talsverðu leyti helgað starfi og stjórн félagsins, en þar hefi ég engu við að bæta. Þó var þarna nokkuð, sem ég get ekki látið ógert að leiðréttu.

Ekkert held ég mig vita með meiri vissu en það, að minn góði félagi, Ingvar Agnarsson, hafi ekki vilja til að vanþakka að ástæðulausu eða gera rangt til. En þó liggar við að honum hafi orðið þetta á í yfirlitserindi sínu á einum stað. Hann minnist þar á félagsblaðið og vegna þess eins, að það hafi ekki komið út eins oft og til var ætlast, eða aðeins 5 sinnum. En þetta er ekki rétt. Hefti síðasta árs voru 6, og vil ég taka það fram, að það var að engu leyti mér að kenna, að 6. heftið kom ekki út fyrr en eftir áramótin síðustu. Segi ég þetta vitandi það, að einungis hefir þarna verið um vangá að ræða hjá Ingvari, og því algjörlega reiðilaust, og vil því enda þetta eftirmæli með því að taka undir maklegar þakkir til hans fyrir heilladrjúgt 5 ára formannsstarf.

P.J.

NÝ MIÐUN

Eins og oft hefur verið bent á í þessu félagsblaði, eru hinir svonefndu "fljúgandi diskar" og ljósfyrirbæri þeim skyld ekki nein geimför frá öðrum stjörnum, heldur sambandsfyrirbrigði frá öðrum stjörnum. Það er af misskilningi ef menn halda að allt slíkt sé skrok og missýningar, og á sá misskilningur skylt við þann, sem vildi eða vill gera hégóma úr öllu því sem gerist á sambandsfundum. Raunveruleikinn er sá, að í sambandi við geimferðatilraunir hér á jörð hafa komið fram ýmis furðuleg fyrirbæri, og hefur það verið jafnóðum þaggað niður að því er ætla má.

Nú í síðastliðinni viku berst sú frétt, að menn hafi í Kaliforníu orðið varir við furðuleg skeysi frá geimfari, sem nýlagt var af stað í áttina til Marz, og minnist ég á þetta hér eingöngu vegna þess, að atvik þetta leiddi til breytingar á miðunarstefnu geimfarsins. Það kom mér ekki á óvart, að sú frétt fylgdi fljótt í kjölfarið, að hin furðulegu skeysi hefðu aðeins stafað af bilun í tækjabúnaði, því að slíkt er hin venjulega aðferð við að drepa öllu á dreif. En hinu hefur sennilega ekki verið breytt, sem leiddi af 'biluninni', en það var að leiðarmiðun geimfarsins var látin stjórnast af stjörnunni Vega í stað annarrar, sem ákveðin hafði verið. Mér þótti dálítið gaman að þessu, því að stjarnan Vega (Blástjarnan) hefur lengi verið mér hugstæð, og eins og getið hefur verið um í félagsblaði, hafa þaðan borizt sambandstíðindi. En því miður of óglögg enn.

Þorsteinn Guðjónsson

Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Tilgangur félagsins er að afla viðurkenningar á uppgötvunum dr. Helga Pjeturss á eðli svefns og drauma og sambandi við líf á öðrum stjörnum. Félagsfundir eru haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9., í húsnæði félagsins á Laugavegi 24. Rvk. Framlög til stjörnusambandsstöðvar má senda í pósthólf félagsins 1159 eða snúa sér beint til stjórnarmana félagsins, sem eru:

Ingvar Agnarsson, Gúmmívinnustofunni (s. 30698), heima, Hábraut 4 (s. 40593).

Sigurður Ólafsson, Fálkanum (s. 18670), heima, Skaptahlíð 5 (s. 16274).

Sveinn Haraldsson, Þingholtsstræti 22a.

Þorsteinn Guðjónsson, Sólheimum 23, Reykjavík, (s. 82898).